

Hagir og líðan barna í Hafnarfirði

***Niðurstöður rannsóknar meðal
nemenda í 5., 6. og 7. bekk
í grunnskólum Hafnarfjarðar árið 2007***

Birna Baldursdóttir

Margrét Lilja Guðmundsdóttir

Álfgeir Logi Kristjánsson

Inga Dóra Sigfúsdóttir

Jón Sigfússon



RANNSÓKNIR & GREINING

Centre for Social Research and Analysis

Háskólanum í Reykjavík – Ofanleiti 2
103 Reykjavík, s: 599 6431

Hagir og líðan barna í Hafnarfirði

Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 5., 6. og 7. bekk
Áslandsskóla, Engidalsskóla, Lækjarskóla, Setbergsskóla,
Víðistaðaskóla og Öldutúnsskóla í Hafnarfirði árið 2007

***Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis
Rannsókna & greiningar.***

© 2007 Rannsóknir & greining ehf

Unnið fyrir:
Hafnarfjarðarbæ

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| LISTI YFIR MYNDIR | 6 |
| LISTI YFIR TÖFLUR | 9 |
| INNGANGUR | 10 |
| AÐFERÐ OG GÖGN | 12 |
| <i>Pátttakendur og mælitæki</i> | <i>12</i> |
| NIÐURSTÖÐUR..... | 13 |
| <i>Almenn líðan barna í 5., 6. og 7. bekk</i> | <i>13</i> |
| <i>Samband við foreldra og fjölskyldu</i> | <i>20</i> |
| <i>Vinir</i> | <i>28</i> |
| <i>Stríðni.....</i> | <i>31</i> |
| <i>Nám og skóli</i> | <i>40</i> |
| <i>Íþrótt- og tómstundastarf.....</i> | <i>46</i> |
| <i>Tækjæign, fjölmiðlanotkun og lestur</i> | <i>52</i> |
| HEIMILDIR..... | 59 |

Listi yfir myndir

| | | |
|----------|--|----|
| Mynd 1. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög oft</i> hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað..... | 15 |
| Mynd 2. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög oft</i> hafa öskrað eða hent hlutum. | 15 |
| Mynd 3. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög oft</i> hafa langað til að brjóta eða skemma hluti. | 16 |
| Mynd 4. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>oft eða mjög oft</i> hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir. | 16 |
| Mynd 5. | Hlutfall nemenda sem segja að <i>nokkrum, fáum eða engum</i> krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir. | 18 |
| Mynd 6. | Hlutfall nemenda sem finnast þeir <i>ekki eða alls ekki</i> vera flottir. | 18 |
| Mynd 7. | Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði sem finnast þeir vera <i>frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir</i> | 19 |
| Mynd 8. | Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk á landinu öllu sem finnast þeir vera <i>frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir</i> | 19 |
| Mynd 9. | Hlutfall nemenda sem <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> fá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanám sitt. | 23 |
| Mynd 10. | Hlutfall nemenda sem segja það vera <i>frekar eða mjög erfitt</i> að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum. | 23 |
| Mynd 11. | Hlutfall nemenda sem horfa <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> á sjónvarp eða myndband með pabba sínum eða mömmu..... | 24 |
| Mynd 12. | Hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldu sinni tali <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei saman</i> | 24 |
| Mynd 13. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar. | 25 |
| Mynd 14. | Hlutfall nemenda sem segja það vera <i>frekar eða mjög erfitt</i> fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum. | 25 |
| Mynd 15. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>stundum eða oft</i> vera einir heima eftir skóla. | 26 |
| Mynd 16. | Hlutfall nemenda sem segir að þeim líði <i>stundum, oft eða alltaf</i> illa heima. | 26 |
| Mynd 17. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba sínum eða mömmu..... | 27 |
| Mynd 18. | Hlutfall nemenda sem eru <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> í íþróttum eða útivist með pabba sínum eða mömmu..... | 27 |
| Mynd 19. | Hlutfall nemenda sem segjast <i>fáa eða enga</i> vini eða vinkonur eiga í skólanum.... | 29 |

| | |
|--|----|
| Mynd 20. Hlutfall nemenda sem segjast <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> vera með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar..... | 29 |
| Mynd 21. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja vini sína eða vinkonur <i>frekar eða mjög illa</i> | 30 |
| Mynd 22. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja foreldra vina/vinkvenna sinna <i>frekar eða mjög illa</i> | 30 |
| Mynd 23. Hlutfall nemenda sem segir það hafa <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka. | 34 |
| Mynd 24. Hlutfall nemenda sem segir það hafa <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka..... | 34 |
| Mynd 25. Hlutfall nemenda sem segir það hafa <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp. | 35 |
| Mynd 26. Hlutfall nemenda sem segir það hafa <i>stundum eða oft</i> gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan..... | 35 |
| Mynd 27. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum. | 36 |
| Mynd 28. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu. | 36 |
| Mynd 29. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með..... | 37 |
| Mynd 30. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst <i>stundum eða oft</i> í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan. | 37 |
| Mynd 31. Svör nemenda í Hafnarfirði við spurningunni um hvort hafi strítt einhverjum krakka s.l. vetur af því að hann eða hún var útlendingur eða fæddist í útlöndum.. | 38 |
| Mynd 32. Svör nemenda í Hafnarfirði við spurningunni um hvað þeim finnst um það þegar þeim er strítt. | 38 |
| Mynd 33. Hlutfall nemenda sem finnst námið <i>oft eða alltaf</i> vera of erfitt. | 42 |
| Mynd 34. Hlutfall nemenda sem finnst námið <i>oft eða alltaf</i> vera of létt..... | 42 |
| Mynd 35. Hlutfall nemenda sem finnst námið <i>næstum aldrei eða aldrei</i> vera skemmtilegt.. | 43 |
| Mynd 36. Hlutfall nemenda sem langar <i>oft eða alltaf</i> til að hætta í skólanum..... | 43 |
| Mynd 37. Hlutfall nemenda sem líður <i>oft eða alltaf</i> illa í kennslustundum. | 44 |
| Mynd 38. Hlutfall nemenda sem líður <i>oft eða alltaf</i> illa í frímínútum. | 44 |
| Mynd 39. Hlutfall nemenda sem líkar <i>næstum aldrei eða aldrei</i> vel við kennarana..... | 45 |
| Mynd 40. Hlutfall nemenda sem segja kennarana <i>sjaldan, næstum aldrei eða aldrei</i> hrósa sér í skólanum. | 45 |
| Mynd 41. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir <i>1-3 sinnum í viku</i> með íþróttafélagi..... | 48 |

Mynd 42. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir *4 sinnum í viku eða oftar* með íþróttafélagi. ... 48

Mynd 43. Hlutfall nemenda sem stundar tónlistar- eða söngnám *1 sinni í viku eða oftar*. 49

Mynd 44. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei þátt* í tómstundastarfi í skólanum sínum. 50

Mynd 45. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei þátt* í öðru tómstundastarfi sem ekki er á vegum skólans..... 50

Listi yfir töflur

| | |
|---|----|
| Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í Hafnarfirði, greindur eftir bekkjum (fjöldi sem svarar). | 12 |
| Tafla 2. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði sem hafa <i>stundum eða oft</i> fundið fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun. | 17 |
| Tafla 3. Svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði við spurningunni um á hvaða stöðum þeim sé helst strítt ef þeim er strítt. | 39 |
| Tafla 4. Hlutfall nemenda í Hafnarfirði sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt <i>frekar eða mjög miklu</i> máli þegar þau hættu þátttöku í íþróttum. | 49 |
| Tafla 5. Hlutfall nemenda í Hafnarfirði sem segjast stunda eitthvað af eftirtöldu <i>einu sinni í viku eða oftar</i> | 51 |
| Tafla 7. Hlutfall nemenda á landinu öllu sem segjast <i>eiga sjálfir</i> eftirfarandi hluti. | 53 |
| Tafla 8. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að <i>horfa á sjónvarp / vídeó/ DVD</i> á hverjum degi. | 54 |
| Tafla 9. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að <i>spila tölvuleiki á netinu</i> á hverjum degi. | 54 |
| Tafla 10. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að <i>spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu</i> á hverjum degi. | 55 |
| Tafla 11. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði <i>á MSN</i> (spjallrásur) á hverjum degi. | 56 |
| Tafla 12. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að <i>nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki</i> á hverjum degi. | 57 |
| Tafla 13. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að <i>lesa bækur</i> (aðrar en skólabækur) á hverjum degi. | 58 |
| Tafla 14. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að <i>lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð</i> á hverjum degi. | 58 |

Inngangur

Fjölmargar rannsóknir hafa verið unnar undanfarin ár til að freista þess að greina þá þætti sem tengjast líðan barna og ungmenna. Slík greining er mikilvæg þar sem góð líðan barna og ungmenna er af flestum talin vera ákjósanlegt veganesti inn í framtíðina, fyrir utan að vera sjálfsögð mannréttindi eins og fram kemur í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Margar erlendar athuganir hafa beinst að því að rannsaka líðan ungmenna í ljósi félagslegra aðstæðna þeirra. Skoðað hefur verið hvort líðan tengist þáttum á borð við fjölskyldugerð og fjárhagsstöðu. Þá hefur verið kannað hvort skýra megi líðan ungmenna út frá tengslum þeirra við foreldra og vini og þætti á borð við líkamlega hreyfingu og tómstundaiðju. Að auki hafa tengsl eineltis og líðanar verið skoðuð.

Í þessari greiningu er leitast við að nýta þekkingu úr nýlegum rannsóknum á sviðinu til að skoða hvernig líðan barna á Íslandi tengist fyrrgreindum þáttum. Hér má nefna rannsóknir á tengslum líkamlegrar hreyfingar og líðanar¹, tengsl líðanar og sambands barna við foreldra² og vini³, svo og við hjúskaparstöðu foreldra⁴. Þá má nefna rannsóknir á tengslum líðanar og sambands ungmenna við kennara sína og fleiri þætti sem tengjast skólanum⁵, rannsóknir á tengslum líðanar og stríðni og/eða eineltis⁶, og rannsóknir á tengslum tómstunda- og/eða frístundastarfs og líðanar barna⁷. Einnig má hér nefna samantektir á áhrifum ýmissa þátta á líðan barna⁸.

Markmið þessarar skýrslu er að varpa ljósi á þá þætti sem tengjast og kunna að hafa áhrif á líðan barna í 5. til 7. bekk á landsvísu. Árið 2003 var gerð úttekt á vegum Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkurborgar⁹ úr gögnum Rannsókna & greiningar á líðan barna á höfuðborgarsvæðinu, sem svipar nokkuð til þeirrar sem hér um ræðir. Þar kom meðal annars fram að samband við foreldra og vini tengist líðan barna allsterkt. Þá

¹ Hannon, J.C. og Pellet, T.L. (2005).

² Smith, M.Z. (2005); Muller, C. (1998); Sigfusdóttir, Farkas og Silver (2004); van Wel, F. o.fl. (2000).

³ Laursen, B. og Mooney, K.S. (2005).

⁴ Willinger, U. o.fl. (2005); Manning, D.W. og Lamb, K.A. (2003).

⁵ Estévez, E. o.fl. (2005).

⁶ Rigby, K. (2005).

⁷ Harrell, J.S o.fl. (1997).

⁸ Kofod, A. og Nielsen, J.C. (2005).

⁹ Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2004).

kom fram að stríðni er lykilþáttur þegar líðan barna er skoðuð. Börnum sem er strítt líður alla jafna mun verr en öðrum börnum. Einnig kom fram að þættir sem tengjast skólanum svo sem námserfiðleikar og samband við kennara hafa marktæk tengsl við líðan barna. Árið 2003 var einnig gerð könnun á líðan nemenda í 4. til 10. bekk í grunnskólum á Akureyri¹⁰ þar sem ýmsir þættir sem vitað er að tengjast líðan voru skoðaðir. Niðurstöður úr þeirri könnun sýndu að flestum börnum líður vel í skólanum, þau hafa mikinn áhuga á námsefni skólanna og eiga í ágætu sambandi við kennara sína. Þar kom einnig fram að fáum nemendum á Akureyri er strítt reglulega og að flestir nemendur eiga góða vini í skólanum.

Í þessari skýrslu eru settar fram niðurstöður úr könnuninni sem lögð var fyrir nemendur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði. Í skýrslunni eru upplýsingar um almenna líðan barnanna, samband þeirra við foreldra og fjölskyldu og einnig við vini sína og skólafélaga. Litið er á viðhorf nemendanna til skóla og náms og varpað ljósi á tólmstunda- og íþróttapátttöku þeirra. Skoðuð er tækjæign nemenda, fjölmiðlanotkun og lestur þeirra á öðru en skólabókum.

Niðurstöður í skýrslunni eru settar fram fyrir Hafnarfjörð, en einnig er stillt upp samanburði við landið í heild. Samanburðurinn er settur fram í þeim tilgangi að varpa betra ljósi á stöðu hvers sveitarfélags. Þeir sem bera ábyrgð á börnum og ungmennum sveitarfélaga geta lagt mat á niðurstöðurnar og túlkað í ljósi stefnu sinnar um stöðu í tilteknum málaflokkum. Með því að bera stöðuna saman við landsmeðaltal er auðveldara að átta sig á því hvaða þættir í félagslegu umhverfi barna á hverjum stað þarfnast nánari skoðunar og ef til vill aðgerða.

¹⁰ Trausti Þorsteinsson (2004).

Aðferð og gögn

Þátttakendur og mælitæki

Gögnin sem þessi skýrsla byggir á eru fengin úr viðamikilli könnun Rannsóknna & greiningar sem var lögð fyrir alla nemendur í 5. til 7. bekk í grunnskólum á Íslandi í febrúar árið 2007. Þátttakendur voru nemendur í 5., 6. og 7. bekk allra grunnskóla á Íslandi. Hér er því ekki um hefðbundna úrtakskönnun að ræða heldur könnun sem var lögð fyrir allt þýðið. Framkvæmd könnunarinnar var þannig háttað að spurningalistar voru sendir í skólana þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem hver könnun fór fram svöruðu spurningalistunum. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu listana í að útfyllingu lokinni. Ítrekað var fyrir þátttakendum að rita hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana eða umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Í heild fengust gild svör frá 10.829 nemendum í 5. til 7. bekk á landsvísu og var svarhlutfall um 82% af öllum nemendum sem voru í 5. til 7. bekk haustið 2006 samkvæmt skráningu Hagstofu Íslands. Strákar voru 5.282 (48,8%) en stelpur 5.185 (47,9%) en alls gáfu 362 (3,3%) ekki upp kyn sitt.

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda í Hafnarfirði, greindan eftir bekkjum. Árið 2007 var heildarsvarhlutfall nemenda í Hafnarfirði 85%. Svarhlutfallið var 79% í 5. bekk, 83% í 6. bekk og 83% í 7. bekk.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda í Hafnarfirði, greindur eftir bekkjum (fjöldi sem svarar).

| Bekkur: | 2007 |
|-----------------------|------------|
| 5. bekkur: | 225 |
| 6. bekkur: | 245 |
| 7. bekkur: | 255 |
| Bekkur ótilgreindur: | 24 |
| Heildarfjöldi: | 749 |

Niðurstöður

Við lestur þessarar skýrslu er vert að hafa í huga að þegar niðurstöður eins sveitarfélags eru bornar saman við niðurstöður á landsvísu er eðlilegt að fram komi meiri sveiflur í niðurstöðum viðkomandi sveitarfélags þar sem færri svör liggja þar að baki.

Almenn líðan barna í 5., 6. og 7. bekk


Hér á eftir eru niðurstöður úr spurningum sem snúa að almennri líðan nemenda. Þegar litið er á myndir 1 til 4 sem sýna svör nemenda við spurningum sem lúta að reiði virðist lægra hlutfall nemenda í Hafnarfirði en á landsvísu fá útrás fyrir reiði á þennan hátt. Á mynd 1 má sjá hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað og mynd 2 sýnir hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft hafa öskrað eða hent hlutum. Þegar litið er á mynd 3 sést hlutfall þeirra sem segjast oft eða mjög oft hafa langað til að brjóta eða skemma hluti og á mynd 4 sést hlutfall nemenda sem segjast oft eða mjög oft hafa gert eitthvað bara af því að þeir voru svo reiðir. Niðurstöðurnar sýna að hlutfallslega fáir nemendur hafa fengið útrás fyrir reiði sína á þennan hátt, bæði í Hafnarfirði og á landsvísu. Hinsvegar er hlutfall stelpna í 6. bekk Hafnarfjarðar ívið hærra hvað þetta varðar en annarra nemenda í Hafnarfirði.

Af töflu 2 má sjá ýmis einkenni sem aðallega snúa að andlegri líðan nemendanna. Þar er sérstaklega athyglisvert að stór hluti nemenda 5., 6. og 7. bekkjar í Hafnarfirði segist stundum eða oft hafa átt erfitt með að sofna eða sofa, síðast liðna 7 daga fyrir könnun. Þannig segjast milli 17 og 31% nemenda í 5.-7. bekk í Hafnarfirði hafa átt erfitt með svefn og er hæsta hlutfallið hjá stelpum í 6. bekk. Þegar litið er á aðra þætti í töflu 2 er áberandi hve hlutfallslega margir nemendur hafa litla matarlyst eða milli 12 og 19% nemenda í 5.-7. bekk. Einnig eru hlutfallslega margir nemendur sem fá svima (9-17%), eru óþægilega uppspenntir (6-12%), leiðir eða áhugalitlir (7-18%), einmana (5-18%), gráta auðveldlega (7-24%) eða eru niðurdregnir eða daprir (4-17%).


Á myndum 5 til 8 má sjá niðurstöður sem tengjast sjálfsmynd nemendanna. Athyglisvert er hve hátt hlutfall nemenda telur almennt að fáum finnist þeir skemmtilegir (mynd 5). Þegar litið er á landsmeðaltalið á mynd 5 sést að hlutfall nemenda sem segja að nokkrum, fáum eða engum krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir fer lækkandi með aldri. Í Hafnarfirði eru milli 32 og 50% stráka sem telja að fáum eða engum krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir og eru strákar í 5. bekk með hæsta hlutfallið. Hlutfallslega telja heldur færri stelpur en strákar að fáum eða engum krökkum í bekknum finnist þær skemmtilegar eða frá 26% upp í 38% stelpna í 5.-7. bekk í Hafnarfirði en þar eru stelpur í 6. bekk með hæsta hlutfallið.

Á mynd 6 má sjá hlutfall nemenda sem ekki eða alls ekki telja sig vera flotta. Nemendur í grunnskólum Hafnarfjarðar eru nokkuð líkir jafningjum sínum á landsvísu í þessu tilliti. Þannig finnst 13-14% stráka í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar þeir ekki eða alls ekki vera flottir og 7-11% stelpna í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar finnst þær ekki eða alls ekki vera flottar. Hjá stelpum í 5. og 7. bekk í Hafnarfirði er hlutfallið 7% og er það lægra en landsmeðaltalið sem er 11% í 5. bekk og 14% í 7. bekk.


Mynd 7 sýnir afstöðu nemenda í 5.-7. bekk í Hafnarfirði til eigin holdafars og mynd 8 sýnir það sama fyrir jafningja þeirra á landsvísu. Á mynd 7 sést að yfirgnæfandi meirihluti nemenda í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar telur sig vera passlegan hvað holdafar varðar eða milli 68 og 82%. Á landsvísu telja 67-77% nemenda í 5.-7. bekk sig vera passlega. Hjá nemendum í Hafnarfirði er ekki að sjá stór frávik frá landsmeðaltalinu þó sveiflur milli bekkja séu heldur meiri. Hinsvegar er áberandi að hjá Hafnfirskum stelpum hækkar hlutfall þeirra sem telja sig vera passlegar með hækkandi aldri en þessu er öfugt farið á landsvísu. Hlutfall þeirra nemenda í Hafnarfirði sem telja sig vera frekar eða allt of feita er 7-21%. Athyglisvert er að þeim stelpum sem telja sig vera of feitar fækkar úr 18% í 6. bekk niður í 12% í 7. bekk. Á landsvísu fjölgar þeim hinsvegar úr 19% í 23% á sama aldri. Hlutfall þeirra nemenda í 5.-7. bekk í Hafnarfirði sem telja sig vera frekar eða allt of mjóa er á bilinu 8 til 16% og er hæsta hlutfallið hjá stelpum í 5. bekk. Landsmeðaltalið fyrir stelpur á þessum aldri er hinsvegar nokkru lægra eða 11%.




Mynd 1. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa fengið reiðiköst sem þeir gátu ekki stjórnað.



Mynd 2. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa öskrað eða hent hlutum.




Mynd 3. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa langað til að brjóta eða skemma hluti.




Mynd 4. Hlutfall nemenda sem segjast *oft eða mjög oft* hafa gert eitthvað bara af því þeir voru svo reiðir.

Tafla 2. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði sem hafa *stundum eða oft* fundið fyrir einhverju af eftirtöldu síðastliðna sjö daga fyrir könnun.


| Einkenni: Stundum eða oft | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|--------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Svima | 8,7 | 12,0 | 17,4 | 12,1 | 12,2 | 14,0 |
| Skjálfta | 1,0 | 6,1 | 1,8 | 2,4 | 5,7 | 9,4 |
| Skyndilega hrædd(ur) | 4,1 | 10,5 | 7,8 | 14,6 | 4,9 | 2,3 |
| Óþægilega uppspennt(ur) | 5,9 | 12,3 | 11,4 | 8,2 | 9,9 | 5,6 |
| Leið(ur) eða lítil áhugi | 10,8 | 13,8 | 18,3 | 14,5 | 12,2 | 7,0 |
| Lítill matarlyst | 18,6 | 18,8 | 17,7 | 17,9 | 14,9 | 12,4 |
| Einmana | 11,8 | 17,9 | 11,7 | 13,7 | 9,0 | 4,7 |
| Grét auðveldlega | 6,9 | 17,9 | 12,4 | 24,4 | 6,5 | 10,9 |
| Erfitt með að sofa eða sofna | 26,7 | 23,9 | 24,8 | 30,9 | 16,5 | 18,5 |
| Niðurdreginn eða dapur/döpur | 5,8 | 10,3 | 10,6 | 16,9 | 4,1 | 6,2 |
| Ekki spennt(ur) fyrir að gera nokkuð | 11,8 | 9,5 | 13,2 | 9,6 | 8,9 | 4,7 |
| Máttlaus | 2,9 | 8,7 | 8,0 | 8,1 | 5,0 | 4,7 |
| Fannst framtíðin vonlaus | 5,0 | 8,6 | 3,5 | 8,8 | 7,3 | 3,9 |




Mynd 5. Hlutfall nemenda sem segja að *nokkrum, fáum eða engum* krökkum í bekknum finnist þeir skemmtilegir.



Mynd 6. Hlutfall nemenda sem finnast þeir *ekki eða alls ekki* vera flottir.



Mynd 7. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði sem finnst þeir vera frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir.



Mynd 8. Hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk á landinu öllu sem finnst þeir vera frekar eða allt of feitir, passlegir eða frekar eða allt of mjóir.

Samband við foreldra og fjölskyldu

Hér á eftir eru svör nemenda við spurningum sem snúa að sambandi þeirra við foreldra sína og fjölskyldu (myndir 9 – 18). Á mynd 9 má sjá hlutfall nemenda sem segjast sjaldan, næstum aldrei eða aldrei fá hjálp frá foreldrum sínum eða systkinum með heimanám sitt. Á landsvísu fjölgar heldur þeim sem fá sjaldan eða aldrei aðstoð við heimanám með hækkandi aldri og hlutfallslega færri strákar en stelpur virðast fá aðstoð frá fjölskyldu við heimanámið. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð eru svipaðar hvað þetta varðar fyrir stráka. Þannig er hlutfall stráka sem sjaldan eða aldrei fá aðstoð með heimanám frá fjölskyldu 23-26% í 5.-7. bekk í Hafnarfirði. Hinsvegar er áberandi hátt hlutfall stelpna í 6. bekk í Hafnarfirði sem segist sjaldan eða aldrei frá hjálp með heimanám frá fjölskyldu sinni eða 23% á móti 13% á landsvísu. Hjá stelpum í 7. bekk er þessu öfugt farið en hlutfall þeirra er lægra í Hafnarfirði í samanburði við landsmeðaltalið eða 9% á móti 20%.

Mynd 10 sýnir svo niðurstöður við spurningunni um hversu auðvelt eða erfitt nemendur eiga með að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum varðandi nám. Almennt telja frekar fáir nemendur að það sé erfitt en í Hafnarfirði sést hæsta hlutfallið hjá sjöttu bekkjum. Hlutfall stráka sem segja það frekar eða mjög erfitt að fá ráðleggingar með námið hjá foreldrum sínum er 3-13% í 5.-7. bekk í Hafnarfirði en 7-11% á landsvísu. Hjá stelpum í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar liggur hlutfallið á bilinu 3-11% og eru stelpur í 6. bekk þar með hæsta hlutfallið sem er einnig hærra en hjá stöllum þeirra á landsvísu (8%).

Myndir 11 – 18 varpa ljósi á samveru nemenda og fjölskyldu þeirra og eru svör nemenda í Hafnarfirði ekki ýkja frábrugðin landsmeðaltalinu þó einstaka undantekningar sjáist. Af mynd 11 má sjá hlutfall þeirra sem horfa sjaldan, næstum aldrei eða aldrei á sjónvarp eða myndband með foreldrum sínum. Þar sést að á landinu öllu fer hlutfallið lækkandi með aldri bæði hjá strákum og stelpum. Svipaða sögu er að segja í Hafnarfirði en þar horfa milli 9 og 25% nemenda í 5.-7. bekk sjaldan eða aldrei á sjónvarp eða myndband með foreldrum sínum og er hlutfallið hæst meðal stráka í 5. bekk.

Mynd 12 sýnir hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldunni tali sjaldan, næstum aldrei eða aldrei saman. Hlutfallslega fleiri strákar en stelpur segja að svo sé. Í samanburði við landið allt virðast hlutfallslega heldur færri nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar telja að allir í fjölskyldunni tali sjaldan eða aldrei saman. Þannig liggur hlutfallið hjá strákum á bilinu 16-26% í Hafnarfirði en á bilinu 21-27% hjá jafningjum þeirra á landsvísu. Hjá stelpum í Hafnarfirði er hlutfallið á bilinu 9-17% en 14-18% hjá stöllum þeirra á landinu öllu.


Hlutfall nemenda sem segjast sjaldan, næstum aldrei eða aldrei vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar sést á mynd 13. Þar má sjá að allt frá 8% upp í 18% nemenda virðast lítið vera með foreldrum sínum. Niðurstöður fyrir Hafnarfjörð eru aðeins frábrugðnar landsmeðaltalinu og er lægra hlutfall nemenda í Hafnarfirði sem segist sjaldan eða aldrei vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar. Þannig virðast hlutfallslega fleiri nemendur í 5.- 7. bekk í Hafnarfirði en á landinu öllu vera með foreldrum sínum utan skólatíma. Í Hafnarfirði segja 13% stráka í 5. bekk að þeir séu sjaldan eða aldrei með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar á meðan hlutfallið hjá jafningjum þeirra á landsvísu er 17%. Hjá stelpum í 5.-7. bekk í Hafnarfirði er hlutfallið 8-9% á móti 10-14% á landinu öllu.

Samkvæmt niðurstöðum á mynd 14 virðast almennt fáir nemendur, bæði í Hafnarfirði og á landsvísu, eiga erfitt með að fá umhyggju og hlýju frá foreldrum sínum eða milli 1 og 8% nemenda.


Myndir 15 og 16 sýna svo hlutfall nemenda sem eru stundum eða oft einir heima eftir skóla og hvernig þeim líður þegar þeir eru heima. Samkvæmt niðurstöðunum er hátt í helmingur nemenda stundum eða oft einn heima eftir skóla og á það bæði við Hafnarfjörð og landið í heild. Jákvætt er hinsvegar að hlutfallslega fáum virðist líða illa heima hjá sér samanber mynd 16. Þannig segja milli 2 og 10% nemenda í Hafnarfirði að þeim líði stundum, oft eða alltaf illa heima og er hlutfallið hæst hjá stelpum í 6. bekk.

Þegar litið er á mynd 17 sést að á landsvísu virðist minnihluti nemenda fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með foreldrum sínum eða um 30% stráka og 40-45% stelpna. Þannig virðast almennt heldur fleiri stelpur en strákar fara á slíka viðburði með


foreldrum sínum. Niðurstöður úr Hafnarfirði eru svipaðar og landsmeðaltalið hvað þetta varðar en þó virðast hlutfallslega fleiri nemendur í Hafnarfirði en á landinu öllu fara á þannig viðburði með foreldrum sínum. Í samanburði við ferðir í leikhús, á sýningar eða tónleika virðast hinsvegar almennt heldur fleiri nemendur vera í íþróttum eða útivist með foreldrum sínum eins og sést á mynd 18. Þannig svara milli 41-58% stráka og 29-45% stelpna í 5.-7.bekk í Hafnarfirði því til að vera sjaldan eða aldrei í íþróttum eða útivist með foreldrum sínum.




Mynd 9. Hlutfall nemenda sem *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* fá hjálp frá pabba sínum, mömmu eða systkinum með heimanám sitt.




Mynd 10. Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.




Mynd 11. Hlutfall nemenda sem horfa *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* á sjónvarp eða myndband með þabba sínum eða mömmu.




Mynd 12. Hlutfall nemenda sem segja að allir í fjölskyldu sinni tali *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* saman.




Mynd 13. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar.




Mynd 14. Hlutfall nemenda sem segja það vera *frekar eða mjög erfitt* fyrir þá að fá umhyggju og hlýju hjá foreldrum sínum.




Mynd 15. Hlutfall nemenda sem segjast *stundum* eða *oft* vera einir heima eftir skóla.



Mynd 16. Hlutfall nemenda sem segir að þeim líði *stundum*, *oft* eða *alltaf* illa heima.



Mynd 17. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* fara í leikhús, á sýningar eða tónleika með pabba sínum eða mömmu.




Mynd 18. Hlutfall nemenda sem eru *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* í íþróttum eða útvíst með pabba sínum eða mömmu.

Vinir


Niðurstöður við spurningum sem snúa að sambandi nemendanna við vini sína sjást á myndum 19 – 22 hér á eftir. Mynd 19 sýnir hlutfall nemenda sem segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum. Þar sést að 3-10% nemenda í 5.-7. bekk í Hafnarfirði segjast eiga fáa eða enga vini í skólanum og er það heldur lægra hlutfall en sést á landinu öllu.

Mynd 20 sýnir hlutfall nemenda sem segjast sjaldan eða aldrei vera með vinum sínum eftir skóla eða um helgar. Á bilinu 10-13% nemenda í 5.-7. bekk í Hafnarfirði segjast sjaldan eða aldrei vera með vinum sínum utan skólans. Þetta er heldur lægra hlutfall en sést á landinu öllu (13-16%).


Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja vini sína eða foreldra vina sinna frekar eða mjög illa sést á myndum 21 og 22. Svo virðist sem langflestir foreldrar í Hafnarfirði, líkt og á landinu öllu, þekki vini barna sinna. Þó virðist vera munur á kynjum hvað þetta varðar og hlutfallslega fleiri strákar en stelpur svara því til að foreldrarnir þekki vini þeirra frekar eða mjög illa. Í Hafnarfirði segja 7-9% stráka í 5.-7. bekk að foreldrar sínir þekki vini sína frekar eða mjög illa en 3-5% stelpna segja slíkt hið sama. Á mynd 22 sést að hlutfall þeirra sem segja að foreldrar þeirra þekki foreldra vina þeirra frekar eða mjög illa er almennt svipað í Hafnarfirði og á landinu öllu. Þó eru strákar í 7. bekk þar áberandi undantekning. Þannig segja 39% stráka í 7. bekk Hafnarfjarðar að foreldrar þeirra þekki foreldra vina þeirra frekar eða mjög illa á meðan landsmeðaltalið fyrir þennan hóp er 26%. Hjá strákum í 5. og 6. bekk í Hafnarfirði er þetta hlutfall 22% en hjá stelpum í 5.-7. bekk er hlutfallið lægra eða 12-18%.




Mynd 19. Hlutfall nemenda sem segjast *fáa eða enga* vini eða vinkonur eiga í skólanum.



Mynd 20. Hlutfall nemenda sem segjast *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* vera með vinum eða vinkonum sínum eftir skóla eða um helgar.



Mynd 21. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja vini sína eða vinkonur frekar eða mjög illa.



Mynd 22. Hlutfall nemenda sem segja foreldra sína þekkja foreldra vina/vinkvenna sinna frekar eða mjög illa.

Stríðni

Þær niðurstöður sem hér fylgja á eftir á myndum 23 til 32 ásamt töflu 3 lúta að stríðni. Þegar litið er á mynd 23 sést hlutfall nemenda sem segja það hafa gerst stundum eða oft að þeir, ásamt fleiri krökkum, hafi strítt einum krakka. Fáir virðast almennt hafa tekið þátt í slíku atferli og reyndar enginn strákur í 7. bekk og engin stelpa í 5. bekk Hafnarfjarðar. Milli 2 og 6% annarra nemenda í 5.-7. bekk í Hafnarfirði segja það hafa gerst stundum eða oft síðast liðinn vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka.

Á mynd 24 sést að hlutfall þeirra sem segjast stundum eða oft hafa verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka er afar lágt. Reyndar segist engin stelpa í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar hafa tekið þátt í slíku atferli. Milli 1-2% stráka í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar segja að slíkt hafi gerst stundum eða oft síðast liðinn vetur. Mynd 25 sýnir þá nemendur sem svara því til að þeir hafi stundum eða oft verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp. Hlutfall stráka er almennt hærra en stelpna hvað þetta varðar og svör nemenda í Hafnarfirði liggja hér nálægt landsmeðaltalinu. Milli 2-9% stráka í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar segjast stundum eða oft hafa verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp og 2% stelpna í 6. bekk. Hinsvegar segist engin stelpa í 5. og 7. bekk Hafnarfjarðar hafa tekið þátt í slíku.

Þegar litið er á mynd 26 eru almennt fáir nemendur sem segja það hafa gerst stundum eða oft að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan. Einungis milli 1-3% nemenda í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar segjast hafa verið með í því að skilja einn krakka útundan. Á mynd 27 sést hlutfall nemenda sem hafa stundum eða oft lent í því að vera strítt af fleiri krökkum saman. Strákar virðast fremur lenda í slíku en stelpur. Í Hafnarfirði er hlutfall stráka sem segja það hafa gerst stundum eða oft að nokkrir krakkar stríddu þeim einum 7-21%. Hæsta hlutfallið sést hjá strákum í 6. bekk (21%) og er það hærra en landsmeðaltalið hjá jafningjum þeirra (11%). Hlutfall stelpna sem hafa stundum eða oft lent í því að nokkrir krakkar stríddu þeim einum er 5-8% í 5.-7. bekk í Hafnarfirði og er það ívið lægra en landsmeðaltalið (6-10%). Þegar litið er á mynd 28 þar sem nemendur svara spurningu um hve oft nokkrir krakkar hafi ráðist á þau ein og meitt þau sést að slíkt er ekki algengt en þó virðast

hlutfallslega fleiri strákar en stelpur enda í slíku. Svör nemenda í Hafnarfirði eru áþekkt svörum jafningja þeirra á landsvísu. Hinsvegar er hlutfall stráka sem hafa lent í slíku í Hafnarfirði hlutfallslega hærra en á landinu öllu eða 5-11% á móti 4-8%. Hjá stelpum í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar er þetta hlutfall á bilinu 1-5%. Mynd 29 sýnir hlutfall nemenda sem segja það hafa gerst stundum eða oft að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með. Þar er áberandi hærra hlutfall stráka en stelpna bæði í Hafnarfirði og á landinu öllu sem segja að nokkrir krakkar hafi ráðist á þau ásamt öðrum sem þau voru með. Hlutfall stráka í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar sem hafa lent í slíku er 4-11% og hlutfall stelpna er 1-3%.


Á mynd 30 sést hlutfall þeirra sem segja að margir krakkar hafi stundum eða oft skilið þau eftir útundan. Hlutfall nemenda sem hafa lent í slíku er áþekkt í Hafnarfirði (5-10%) og á landinu öllu (6-11%).

Af mynd 31, sem sýnir svör nemenda í Hafnarfirði við spurningunni um hvort þeir hafi strítt einhverjum krakka vegna uppruna síns, sést að langstærsti hlutinn segist ekki hafa gert slíkt eða milli 93 og 97% stráka og milli 96 og 100% stelpna. Það eru því hlutfallslega fleiri stelpur en strákar sem segjast aldrei hafa strítt öðrum börnum vegna uppruna þeirra. Hlutfall stráka í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar sem segjast sjaldan eða næstum aldrei hafa strítt vegna uppruna er 3-6% og hlutfall stelpna er allt að 4%. Einungis 1% stráka í 5. og 7. bekk en enginn strákur í 6. bekk og engar stelpur í 5.-7. bekk í Hafnarfirði segjast stundum eða oft hafa strítt börnum vegna uppruna þeirra. Í samanburði við landið allt eru hlutfallslega færri nemendur í Hafnarfirði sem segjast hafa strítt öðrum börnum vegna uppruna þeirra (ekki sýnt á mynd hér).


Þegar spurt er hvað nemendum finnst um það þegar þeim er strítt virðist fæstum standa á sama eða 18-20% stráka og 10-18% stelpna í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar (sjá mynd 32). Hinsvegar eru hlutfallslega margir sem segja að þeim líði frekar eða mjög illa þegar þeim er strítt og er hlutfallið hæst hjá nemendum í 5. bekk Hafnarfjarðar en 57% stráka og 46% stelpna í 5. bekk líður illa þegar þeim er strítt.

Í þessum kafla verður að lokum litið á svör nemenda við spurningunni um hvar þeim sé helst strítt ef þeim er strítt og sjást niðurstöðurnar í töflu 3. Þegar litið er yfir töflu 3 er greinilegt að algengast er að nemendum sé strítt í frímínútum á skólalóðinni eða allt


frá 12% upp í 45% en hæsta hlutfallið sést hjá strákum í 5. bekk en lækkar svo niður í 21% hjá strákum í 7. bekk og í 12% hjá stelpum í 7. bekk. Í þessum þremur bekkjum er áberandi hærra hlutfall stráka en stelpna sem er strítt í frímínútum á skólalóðinni. Athyglisvert er einnig hátt hlutfall stráka í 5. bekk sem er strítt á göngum skólans, í leikfimi eða sundi, á leið í og úr skóla og í frítíma þeirra. Einnig má benda á hærra hlutfall stelpna en stráka í 6. og 7. bekk sem er strítt á MSN eða spjallrásum. Hvað varðar niðurstöður í töflu 3 þá eru svör úr Hafnarfirði áþekk landsmeðaltalinu (ekki sýnt á mynd).




Mynd 23. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að stríða einum krakka.




Mynd 24. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum að meiða einn krakka.




Mynd 25. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með nokkrum krökkum sem réðust á annan hóp.




Mynd 26. Hlutfall nemenda sem segir það hafa *stundum eða oft* gerst í vetur að þeir hafi verið með mörgum krökkum sem skildu einn krakka útundan.




Mynd 27. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar stríddu þeim einum.




Mynd 28. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á þau ein og meiddu.




Mynd 29. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að nokkrir krakkar réðust á hóp sem þau voru með.



Mynd 30. Hlutfall nemenda sem segir það hafa gerst *stundum eða oft* í vetur að margir krakkar skildu þau eftir útundan.



Mynd 31. Svör nemenda í Hafnarfirði við spurningunni um hvort hafi strítt einhverjum krakka s.l. vetur af því að hann eða hún var útlendingur eða fæddist í útlöndum.



Mynd 32. Svör nemenda í Hafnarfirði við spurningunni um hvað þeim finnst um það þegar þeim er strítt.

Tafla 3. Svör nemenda í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði við spurningunni um á hvaða stöðum þeim sé helst strítt ef þeim er strítt.

| Ef strítt, þá hvar. | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|-------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Í kennslustundum | 1,9 | 5,9 | 7,6 | 7,1 | 7,2 | 5,4 |
| Á göngunum | 13,2 | 5,9 | 9,2 | 5,6 | 4,0 | 8,5 |
| Í Leikfimi eða sundi | 11,3 | 5,0 | 5,9 | 7,1 | 5,6 | 1,5 |
| Í búningsklefum eða sturtu | 7,5 | 4,2 | 7,6 | 7,1 | 3,2 | 3,1 |
| Í frímínútum á skólalóðinni | 45,3 | 29,4 | 35,3 | 19,8 | 20,8 | 12,3 |
| Á leið í og úr skóla | 11,3 | 5,0 | 6,7 | 4,8 | 0,8 | 2,3 |
| Á MSN eða spjallrásum | 2,8 | 2,5 | 5,9 | 8,7 | 0 | 4,6 |
| Í frítíma mínum | 10,4 | 5,9 | 6,7 | 5,6 | 4,8 | 2,3 |
| Í síma eða með SMS skilaboðum | 0,9 | 1,7 | 2,5 | 2,4 | 0,8 | 2,3 |
| Í matsal eða í matartímum | 4,7 | 3,4 | 10,9 | 5,6 | 3,2 | 3,1 |

Nám og skóli


Í þessum kafla verður litið á svör við nokkrum spurningum sem snúa að námi og skóla. Fyrst er litið á niðurstöður við spurningum um hversu erfitt eða létt nemendur telja námið vera. Mynd 33 sýnir hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt. Þegar litið er á svör úr Hafnarfirði er áberandi að hlutfallslega flestum nemendum í 6. bekk finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt eða 19% stráka og 10% stelpna. Á mynd 34 er dæminu snúið við og sýnir sú mynd hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of létt. Hér eru svör nemenda í Hafnarfirði mjög áþekkt landsmeðaltalinu. Hlutfallslega fleiri strákum en stelpum í 5. og 6. bekk Hafnarfjarðar finnst námið oft eða alltaf vera of létt eða 12-15% stráka á móti 9% stelpna. Slíkt hið sama sést þegar litið er á landið í heild.

Af mynd 35 má sjá hlutfall nemenda sem finnst námið næstum aldrei eða aldrei vera skemmtilegt. Hlutfall þeirra sem finnst námið ekki vera skemmtilegt hækkar með aldri á landsvísu. Niðurstöður fyrir nemendur í Hafnarfirði eru svipaðar landsmeðaltalinu. Þannig finnst 23-36% stráka í Hafnarfirði námið næstum aldrei eða aldrei vera skemmtilegt og fer hlutfallið þar líka hækkandi með aldri. Hlutfallið hjá stelpum í Hafnarfirði sem finnst námið næstum aldrei eða aldrei vera skemmtilegt er 8% í 5. bekk, 18% í 6. bekk og 13% hjá stelpum í 7. bekk. Munur á kynjunum hvað þetta varðar er áberandi bæði í Hafnarfirði og á landsvísu en hlutfallslega finnst fleiri strákum en stelpum námið næstum aldrei eða aldrei vera skemmtilegt. Í framhaldi af þessu er litið á mynd 36 sem sýnir hlutfall nemenda sem langar oft eða alltaf til að hætta í skólanum. Þar er mynstrið svipað í Hafnarfirði og á landsvísu en þó er athyglisvert að hæsta hlutfallið sést hjá sjöttu bekkingum eða 20% hjá strákum og 9% hjá stelpum. Hjá strákum í 5. og 7. bekk í Hafnarfirði er hlutfallið 12 og 14% en hjá stelpum er hlutfall þeirra sem svara því til að þær langi oft eða alltaf til að hætta í skólanum 3 og 4% í 5. og 7. bekk. Hér er um kynjamun að ræða þar sem hlutfallslega fleiri strákar en stelpur virðast almennt vilja hætta í skóla.


Næstu tvær myndir 37 og 38 lúta að líðan nemenda í skólanum. Mynd 37 sýnir hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í kennslustundum. Á bilinu 1-8% nemenda í Hafnarfirði líður oft eða alltaf illa í kennslustundum og er hlutfallið hæst

hjá strákum í 6. bekk. Hinsvegar virðist hlutfallslega færri strákum í 5. bekk í Hafnarfirði, en á landinu öllu, líða illa í kennslustundum eða 3% á móti 7% á landsvísu. Einnig er hlutfall stelpna í Hafnarfirði sem líður illa í kennslustundum hlutfallslega lægra en á landinu öllu eða 1-3% á móti 4-5%. Mynd 38 sýnir hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í frímínútum. Niðurstöðurnar eru áþekkar niðurstöðum varðandi líðan í kennslustundum nema hvað almennt virðist hlutfallslega færri nemendum líða illa í frímínútum en í kennslustundum. Í Hafnarfirði eru 1-4% nemenda sem segja að þeim líði oft eða alltaf illa í frímínútum. Þannig að þrátt fyrir að nemendum sé helst strítt í frímínútum á skólalóðinni (tafla 3 hér á undan) þá líður hlutfallslega fáum oft eða alltaf illa í frímínútum (mynd 38).


Næstu tvær myndir (númer 39 og 40) snúa að sambandi nemenda og kennara. Mynd 39 sýnir hlutfall nemenda sem líkar næstum aldrei eða aldrei vel við kennara sína. Á landsvísu hækkar hlutfall þeirra sem eru ósáttir við kennara sína með aldri og sömuleiðis líkar heldur fleiri strákum en stelpum á landsvísu miður vel við kennara sína. Þegar litið er á niðurstöður úr Hafnarfirði sést að 4-9% stráka líkar miður vel við kennara sína og 2-9% stelpna. Hæsta hlutfallið í Hafnarfirði sést hjá strákum í 6. bekk og hjá stelpum í 7. bekk. Á mynd 40 má svo sjá svör nemenda við hversu oft kennarar hrósa þeim í skólanum. Myndin sýnir hlutfall þeirra sem segja kennara sjaldan, næstum aldrei eða aldrei hrósa sér. Almennt er þetta hlutfall hátt eða sem nemur frá um fjórðungi og allt að nærri helmingi nemenda. Svipað hlutfall nemenda í Hafnarfirði og á landsvísu segir kennara sína sjaldan eða aldrei hrósa sér að strákum í 7. bekk undanskildum. Þannig segja 48% stráka í 7. bekk Hafnarfjarðar að fátítt sé að kennarar þeirra hrósi þeim. Þetta er áberandi hæsta hlutfallið hjá nemendum í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar og einnig á landsvísu en hlutfallið hjá jafningjum þeirra þar er 38%. Hjá stelpum í Hafnarfirði er hlutfallið á bilinu 20-26%. Samkvæmt þessum niðurstöðum virðast strákar síður fá hrós frá kennurum sínum en stelpur og strákar í 7. bekk Hafnarfjarðar fá hlutfallslega minnst hrós frá kennurum sínum.




Mynd 33. Hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of erfitt.




Mynd 34. Hlutfall nemenda sem finnst námið oft eða alltaf vera of létt.




Mynd 35. Hlutfall nemenda sem finnst námið *næstum aldrei eða aldrei* vera skemmtilegt.




Mynd 36. Hlutfall nemenda sem langar *oft eða alltaf* til að hætta í skólanum.




Mynd 37. Hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í kennslustundum.



Mynd 38. Hlutfall nemenda sem líður oft eða alltaf illa í frímínútum.



Mynd 39. Hlutfall nemenda sem líkar *næstum aldrei eða aldrei* vel við kennarana.



Mynd 40. Hlutfall nemenda sem segja kennarana *sjaldan, næstum aldrei eða aldrei* hrósa sér í skólanum.

Íþrótt- og tómstundastarf

Fyrst er hér litið á íþróttaiðkun nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar. Á myndum 41 og 42 má sjá hlutfall nemenda sem æfa íþróttir með íþróttafélagi, annarsvegar 1-3 sinnum í viku (mynd 41) og hinsvegar 4 sinnum í viku eða oftar (mynd 42). Ef litið er á mynd 41 sést að hlutfall stráka sem æfa 1-3 sinnum í viku í Hafnarfirði er lægra en landsmeðaltalið en 19-31% stráka í 5.-7. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar æfa íþróttir 1-3 sinnum í viku með íþróttafélagi og fer hlutfallið lækandi með aldri. Hlutfallslega fleiri stelpur í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar en á landsvísu æfa íþróttir 1-3 sinnum í viku eða 33-40%. Þegar litið er á mynd 42, sem sýnir hlutfall nemenda sem æfa íþróttir fjórum sinnum í viku eða oftar, sést að hlutfallslega fleiri nemendur í Hafnarfirði miðað við landið allt æfa íþróttir svo oft í viku eða 38-44% stráka og 25-44% stelpna. Niðurstöður þessara mynda má einnig skoða í samhengi og leggja saman til að sjá hlutfall nemenda sem æfa íþróttir *einu sinni í viku eða oftar* (mynd 41+42). Þegar þetta er gert kemur fram að hlutfallslega fleiri nemendur í 5.-7. bekk í Hafnarfirði en á landinu öllu æfa íþróttir *einu sinni í viku eða oftar*. Einnig kemur hæsta samanlagða hlutfall þeirra sem æfa *einu sinni í viku eða oftar* fram hjá stelpum í 7. bekk í Hafnarfirði en um 77% þeirra æfa svo oft (mynd 41+42). Út frá þessum tveimur myndum er hægt að áætla að hlutfall nemenda í 5.-7. bekk sem æfa íþróttir með íþróttafélagi í Hafnarfirði sé milli 61 og 77% þar sem lægsta hlutfallið er hjá stelpum í 5. bekk og það hæsta hjá stelpum í 7. bekk.


Í töflu 4 sjást nokkur atriði sem nemendur sem höfðu hætt þátttöku í íþróttum sögðu að hefðu skipt frekar eða mjög miklu máli þegar þau hættu. Þarna sést að áhuginn virðist skipta lang mestu máli einkum hjá stelpum en 52-62% þeirra segja áhuga hafa skipt frekar eða mjög miklu máli þegar þær hættu þátttöku í íþróttum. Einnig vega önnur atriði eins og kostnaður, þátttaka vina, tímaleysi og samkeppni þar stórt. Athyglisvert er að stelpur fremur en strákar tiltaka kostnað og tímaleysi sem ástæðu fyrir brottfalli sínu úr íþróttum.

Hlutfall nemenda sem stundar tónlistar- eða söngnám einu sinni í viku eða oftar sést á mynd 43. Bæði í Hafnarfirði og á landsvísu er greinilegur munur milli kynja hvað varðar tónlistarnám en um 43% stelpna stunda tónlistar- eða söngnám á mótum um 30%


stráka að meðaltali á landsvísu. Svipað hlutfall stelpna í Hafnarfirði stundar slíkt nám eða um 45% að meðaltali. Hinsvegar er hlutfall stráka í 5.-7. bekk í Hafnarfirði lægra eða um 23% stráka að meðaltali.

Á myndum 44 og 45 sést hlutfall nemenda sem taka aldrei þátt í tómskundastarfi. Mynd 44 sýnir hlutfall nemenda sem taka aldrei þátt í tómskundastarfi *í skólanum sínum* og er það hlutfall nálægt helmingi allra nemenda í 5.-7. bekk á landsvísu. Í Hafnarfirði er hlutfallið ívið hærra hjá strákum eða um 57%. Hjá stelpum í 5.-7. bekk Hafnarfjarðar eru meiri sveiflur í hlutfalli milli bekkja. Þannig eru 27% stelpna í 5. bekk, 50% í 6. bekk og 43% stelpna í 7. bekk sem taka aldrei þátt í tómskundastarfi í skólanum sínum. Mynd 45 sýnir hinsvegar hlutfall nemenda sem taka aldrei þátt í öðru tómskundastarfi sem *ekki er á vegum skólans*. Þegar niðurstöður úr Hafnarfirði eru bornar saman við landsmeðaltalið kemur í ljós að hlutfallið er svipað eða um 40% hjá strákum að meðaltali (41% á landsvísu að meðaltali) og um 31% hjá stelpum í Hafnarfirði að meðaltali (30% á landsvísu að meðaltali). Af báðum þessum myndum (44 og 45) má sjá að almennt taka hlutfallslega færri strákar en stelpur þátt í tómskundastarfi bæði innan og utan skólans.

Í töflu 5 sést hlutfall nemenda í 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar sem stundar hin ýmsu félags- og tómskundastörf. Af töflunni má sjá að 20-37% nemenda stundar félags- og tómskundastarf í félagsmiðstöð en hlutfallið fer lækkandi með aldri nemenda. Einnig sést að hlutfallslega mun fleiri stelpur en strákar stunda dans og hestamennsku.




Mynd 41. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir 1-3 sinnum í viku með íþróttafélagi.




Mynd 42. Hlutfall nemenda sem æfa íþróttir 4 sinnum í viku eða oftar með íþróttafélagi.

Tafla 4. Hlutfall nemenda í Hafnarfirði sem segja að eftirfarandi atriði hafi skipt frekar eða mjög miklu máli þegar þau hættu þátttöku í íþróttum.


| Skipti frekar eða mjög miklu máli | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|-----------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Ég missti áhugann | 27,1 | 51,9 | 38,3 | 56,5 | 43,1 | 61,8 |
| Kostnaður (of dýrt) | 10,2 | 27,1 | 9,4 | 25,7 | 8,3 | 14,7 |
| Vinir mínir hættu | 18,2 | 14,9 | 24,0 | 26,2 | 23,9 | 15,4 |
| Tímaleysi | 19,6 | 31,6 | 18,9 | 32,7 | 23,4 | 30,2 |
| Mikil samkeppni | 24,7 | 23,7 | 15,6 | 20,2 | 6,4 | 12,7 |



Mynd 43. Hlutfall nemenda sem stundar tónlistar- eða söngnám 1 sinni í viku eða oftar.



Mynd 44. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í tómsundastarfi í skólanum sínum.



Mynd 45. Hlutfall nemenda sem taka *aldrei* þátt í öðru tómsundastarfi sem ekki er á vegum skólans.

Tafla 5. Hlutfall nemenda í Hafnarfirði sem segjast stunda eitthvað af eftirtöldu *einu sinni í viku eða oftar*.

| Stundar þú... | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|--|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Félags- og tómsundastarf í félagsmiðstöð | 32,2 | 37,1 | 30,6 | 26,3 | 20,0 | 29,8 |
| Dans | 4,6 | 31,7 | 5,9 | 34,8 | 3,4 | 20,0 |
| Skátastarf | 2,2 | 4,0 | 2,9 | 2,8 | 9,5 | 6,1 |
| Hestamennsku | 3,4 | 10,0 | 1,9 | 8,0 | 1,7 | 8,7 |
| Skák | 4,7 | 5,0 | 3,9 | 0 | 0,8 | 0 |
| K.F.U.M / K.F.U.K | 0 | 1,0 | 1,9 | 0,9 | 1,7 | 0,9 |

Tækjæign, fjölmiðlanotkun og lestur

Hér á eftir eru nokkrar töflur sem tengjast fjölmiðlanotkun nemenda í Hafnarfirði að einni undanskilinni sem sýnir niðurstöðurnar á landsvísu (tafla 7). Ef fyrst er litið á hlutfall nemenda sem sjálfir eiga „fjölmiðlataeki“ sést að tækjæign nemenda í Hafnarfirði er áþekk og hjá jafningjum þeirra á landsvísu (töflur 6 og 7). Tækjæign virðist vera mjög almenn hjá nemendum í 5., 6. og 7. bekk bæði í Hafnarfirði og á landinu öllu.

Tafla 8 sýnir hve miklum tíma nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar verja í að horfa á sjónvarp, vídeó eða DVD á hverjum degi. Töflur 9 til 12 sýna hve miklum tíma sömu nemendur verja í tölvunotkun af ýmsu tagi. Tafla 9 sýnir hve miklum tíma nemendurnir verja í að spila tölvuleiki á netinu á hverjum degi og tafla 10 sýnir tímann sem fer hjá þeim í það á hverjum degi að spila tölvuleiki sem ekki eru á netinu. Tafla 11 sýnir svo hve miklum tíma nemendur verja á MSN eða spjallrásum dags daglega og tafla 12 sýnir hve mikill tími fer að jafnaði á degi hverjum í tölvunotkun sem ekki skilgreinist sem netnotkun eða tölvuleikir. Á heildina litið sýna töflur 8 til 12 að mjög fáir nemendur eyða meira en 4 klukkustundum á dag fyrir framan sjónvarp eða tölvur (0-12%). Hlutfallið er yfirleitt hærra hjá strákum en stelpum. Sem dæmi þá verja 12,2% stráka í 7. bekk meira en 4 klst. á dag að jafnaði í tölvuleiki á netinu (tafla 9). Í töflu 8 sést að sjónvarpsáhorf nemenda í 5.-7. bekk eykst hlutfallslega með aldri. Þeim fækkar með aldri sem eyða engum tíma fyrir framan sjónvarp og þeim fjölgar sem eyða 2-3 klst. daglega við sjónvarpið.

Að lokum sýna töflur 13 og 14 hve miklum tíma nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Hafnarfjarðar verja í lestur bóka (annarra en skólabóka) og teiknimyndablaða eða -bóka. Af töflu 13 sést að á heildina litið er hátt hlutfall nemenda (72-83%) sem les eitthvað á hverjum degi (1/2 klst. eða meira). Milli 13 og 36% nemenda verja hinsvegar engum tíma að jafnaði í lestur bóka annarra en skólabóka. Tafla 14 sýnir svo lestur teiknimyndablaða og -bóka. Á heildina litið verja 49-73% nemenda daglega ½ klukkustund eða meira í lestur teiknimyndasaga. Milli 20 og 62% nemenda verja hinsvegar engum tíma að jafnaði í lestur teiknimyndabóka eða -blaða.

Tafla 6. Hlutfall nemenda í Hafnarfirði sem segjast *eiga sjálfir* eftirfarandi hluti.

| Ég á sjálf(ur) | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|----------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Sjónvarp | 65,7 | 44,1 | 63,7 | 64,5 | 74,8 | 58,3 |
| DVD / Vídeó | 41,1 | 36,0 | 43,4 | 48,0 | 63,1 | 37,0 |
| Leikjatölvu | 79,2 | 49,5 | 89,7 | 55,7 | 86,3 | 56,0 |
| Tölvu | 39,4 | 22,0 | 46,9 | 30,6 | 54,8 | 25,6 |
| Vefmyndavél | 21,1 | 12,5 | 24,8 | 26,2 | 33,1 | 31,0 |
| GSM síma | 83,0 | 80,0 | 84,5 | 93,4 | 90,2 | 96,9 |

Tafla 7. Hlutfall nemenda á landinu öllu sem segjast *eiga sjálfir* eftirfarandi hluti.

| Ég á sjálf(ur) | 5. bekkur | | 6. bekkur | | 7. bekkur | |
|----------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) | Strákar (%) | Stelpur (%) |
| Sjónvarp | 61,7 | 44,9 | 68,4 | 53,2 | 76,4 | 55,8 |
| DVD / Vídeó | 45,4 | 35,6 | 52,0 | 41,2 | 58,5 | 43,1 |
| Leikjatölvu | 78,1 | 48,0 | 83,7 | 54,7 | 85,8 | 53,0 |
| Tölvu | 37,7 | 21,0 | 41,0 | 29,2 | 48,0 | 30,4 |
| Vefmyndavél | 16,9 | 16,3 | 22,8 | 25,2 | 30,0 | 33,4 |
| GSM síma | 73,0 | 77,0 | 81,2 | 88,2 | 88,6 | 92,3 |

Tafla 8. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að horfa á sjónvarp / vídeó/ DVD á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|-----------|------------------|-------------|-------------|-----------|
| 5. bekkur | Engum tíma | 6,1 | 13,9 | 10,3 |
| | 1/2 til 1 klst. | 51,0 | 67,0 | 59,6 |
| | 2 til 3 klst. | 37,8 | 18,3 | 27,2 |
| | meira en 4 klst. | 5,1 | 0,9 | 2,8 |
| 6. bekkur | Engum tíma | 5,4 | 5,7 | 5,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 48,6 | 58,2 | 53,6 |
| | 2 til 3 klst. | 43,2 | 32,8 | 37,8 |
| | meira en 4 klst. | 2,7 | 3,3 | 3,0 |
| 7. bekkur | Engum tíma | 1,6 | 2,4 | 2,0 |
| | 1/2 til 1 klst. | 48,4 | 51,2 | 49,8 |
| | 2 til 3 klst. | 40,3 | 42,4 | 41,4 |
| | meira en 4 klst. | 9,7 | 4,0 | 6,8 |

Tafla 9. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að spila tölvuleiki á netinu á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|-----------|------------------|-------------|-------------|-----------|
| 5. bekkur | Engum tíma | 15,3 | 37,2 | 27,0 |
| | 1/2 til 1 klst. | 74,5 | 57,5 | 65,4 |
| | 2 til 3 klst. | 7,1 | 5,3 | 6,2 |
| | meira en 4 klst. | 3,1 | 0 | 1,4 |
| 6. bekkur | Engum tíma | 23,9 | 25,8 | 24,9 |
| | 1/2 til 1 klst. | 57,8 | 58,3 | 58,1 |
| | 2 til 3 klst. | 11,9 | 14,2 | 13,1 |
| | meira en 4 klst. | 6,4 | 1,7 | 3,9 |
| 7. bekkur | Engum tíma | 11,4 | 34,1 | 22,8 |
| | 1/2 til 1 klst. | 60,2 | 56,1 | 58,1 |
| | 2 til 3 klst. | 16,3 | 9,8 | 13,0 |
| | meira en 4 klst. | 12,2 | 0 | 6,1 |

Tafla 10. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að spila tölvuleiki sem *ekki* eru á netinu á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|-----------|------------------|-------------|-------------|-----------|
| 5. bekkur | Engum tíma | 23,1 | 60,4 | 43,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 64,8 | 30,6 | 46,0 |
| | 2 til 3 klst. | 9,9 | 9,0 | 9,4 |
| | meira en 4 klst. | 2,2 | 0 | 1,0 |
| 6. bekkur | Engum tíma | 24,5 | 56,7 | 41,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 57,5 | 37,5 | 46,9 |
| | 2 til 3 klst. | 17,0 | 5,0 | 10,6 |
| | meira en 4 klst. | 0,9 | 0,8 | 0,9 |
| 7. bekkur | Engum tíma | 30,6 | 70,8 | 50,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 49,6 | 23,3 | 36,5 |
| | 2 til 3 klst. | 15,7 | 5,0 | 10,4 |
| | meira en 4 klst. | 4,1 | 0,8 | 2,5 |

Tafla 11. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði á *MSN* (spjallrásur) á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|-----------|------------------|-------------|-------------|-----------|
| 5. bekkur | Engum tíma | 47,4 | 40,9 | 43,9 |
| | 1/2 til 1 klst. | 42,3 | 53,9 | 48,6 |
| | 2 til 3 klst. | 7,2 | 4,3 | 5,7 |
| | meira en 4 klst. | 3,1 | 0,9 | 1,9 |
| 6. bekkur | Engum tíma | 41,4 | 25,8 | 33,2 |
| | 1/2 til 1 klst. | 39,6 | 52,4 | 46,4 |
| | 2 til 3 klst. | 12,6 | 19,4 | 16,2 |
| | meira en 4 klst. | 6,3 | 2,4 | 4,3 |
| 7. bekkur | Engum tíma | 22,6 | 16,7 | 19,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 53,2 | 65,1 | 59,2 |
| | 2 til 3 klst. | 21,0 | 16,7 | 18,8 |
| | meira en 4 klst. | 3,2 | 1,6 | 2,4 |

Tafla 12. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að nota tölvur í annað en vera á netinu eða spila tölvuleiki á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|-----------|------------------|-------------|-------------|-----------|
| 5. bekkur | Engum tíma | 44,3 | 57,4 | 51,4 |
| | 1/2 til 1 klst. | 45,4 | 40,9 | 42,9 |
| | 2 til 3 klst. | 9,3 | 1,7 | 5,2 |
| | meira en 4 klst. | 1,0 | 0 | 0,5 |
| 6. bekkur | Engum tíma | 54,6 | 46,3 | 50,2 |
| | 1/2 til 1 klst. | 39,8 | 46,3 | 43,2 |
| | 2 til 3 klst. | 3,7 | 6,6 | 5,2 |
| | meira en 4 klst. | 1,9 | 0,8 | 1,3 |
| 7. bekkur | Engum tíma | 54,8 | 60,8 | 57,8 |
| | 1/2 til 1 klst. | 38,7 | 35,0 | 36,9 |
| | 2 til 3 klst. | 4,8 | 4,2 | 4,5 |
| | meira en 4 klst. | 1,6 | 0 | 0,8 |

Tafla 13. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að lesa bækur (aðrar en skólabækur) á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|-----------|------------------|-------------|-------------|-----------|
| 5. bekkur | Engum tíma | 23,0 | 12,7 | 17,4 |
| | 1/2 til 1 klst. | 67,0 | 74,6 | 71,1 |
| | 2 til 3 klst. | 8,0 | 11,0 | 9,6 |
| | meira en 4 klst. | 2,0 | 1,7 | 1,8 |
| 6. bekkur | Engum tíma | 27,7 | 13,1 | 20,1 |
| | 1/2 til 1 klst. | 61,6 | 68,0 | 65,0 |
| | 2 til 3 klst. | 8,0 | 15,6 | 12,0 |
| | meira en 4 klst. | 2,7 | 3,3 | 3,0 |
| 7. bekkur | Engum tíma | 35,8 | 20,9 | 28,1 |
| | 1/2 til 1 klst. | 55,0 | 65,1 | 60,2 |
| | 2 til 3 klst. | 7,5 | 13,2 | 10,4 |
| | meira en 4 klst. | 1,7 | 0,8 | 1,2 |

Tafla 14. Tími sem strákar og stelpur í 5., 6. og 7. bekk í Hafnarfirði verja að jafnaði í að lesa teiknimyndabækur eða teiknimyndablöð á hverjum degi.

| Bekkur | Svarmöguleikar | Strákar (%) | Stelpur (%) | Heild (%) |
|-----------|------------------|-------------|-------------|-----------|
| 5. bekkur | Engum tíma | 20,0 | 33,3 | 27,0 |
| | 1/2 til 1 klst. | 68,0 | 57,7 | 62,6 |
| | 2 til 3 klst. | 8,0 | 5,4 | 6,6 |
| | meira en 4 klst. | 4,0 | 3,6 | 3,8 |
| 6. bekkur | Engum tíma | 33,3 | 34,7 | 34,1 |
| | 1/2 til 1 klst. | 53,2 | 59,5 | 56,5 |
| | 2 til 3 klst. | 12,6 | 5,0 | 8,6 |
| | meira en 4 klst. | 0,9 | 0,8 | 0,9 |
| 7. bekkur | Engum tíma | 41,0 | 61,9 | 51,6 |
| | 1/2 til 1 klst. | 49,2 | 33,3 | 41,1 |
| | 2 til 3 klst. | 9,8 | 4,0 | 6,9 |
| | meira en 4 klst. | 0 | 0,8 | 0,4 |

Heimildir

- Álfgeir Logi Kristjánsson, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, Inga Dóra Sigfússdóttir og Jón Sigfússon (2005). *Félagslegir bakgrunnspættir og viðhorf ungs fólks til innflytjenda á Íslandi: Rannsókn meðal nemenda í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi árin 1997 til 2004*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.
- Derogatis, L.R., Lipman, R.S. og Covi, L. (1973). SCL-90: An Outpatient Psychiatric Rating Scale – Preliminary Report. *Psychopharmacology Bulletin*, 9: 13-28.
- Estévez, E., Musitu, G. og Herrero, J. (2005). The Influence of Violent Behavior and Victimization at School on Psychological Distress: The Role of Parents and Teacher. *Adolescence*, 40: 183-197.
- Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir (2004). *Könnun á líðan nemenda í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.
- Hannon, J.C. og Pellet, T.L. (2005). Influence of Activity Mode on Feeling States of High School Physical Education Students. *Physical Educator*, 62 (3).
- Harrell, J.S., Gansky, S.A., Bradley, C.B. og McMurray, R.G. (1997). Leisure time activities of elementary school children. *Nursing Research*, 46: 246-253.
- Inga Dóra Sigfússdóttir, Farkas, G., og Silver, E. (2004). The Role of Depressed Mood and Anger in the Relationship Between Family Conflict and Delinquent Behavior. *Journal of Youth and Adolescence*, 33 (6): 509-522.
- Kofod, A. og Nielsen, J.C. (2005). *Den normale ungdomsliv. Hverdagsliv, fællesskab, trivsel og fremtid*. København: Forfatterne, Center for Ungdomsforskning.
- Laursen, B. og Mooney, K.S. (2005). Why do friends matter? Essays review of Children's Friendships. *Human Development*, 48: 323-326.
- Manning, W. og Lamb, K.A. (2003). Adolescent Well-Being in Cohabiting, Married and Single-Parent Families. *Journal of Marriage and Family*, 65 (4): 876-899.

- Muller, C. (1998). Gender differences in Parental Involvement and Adolescents' Mathematical Achievement. *Sociology of Education*, 71: 336-356.
- Rigby, K. (2005). Why do some children bully at school? The contributions of negative attitudes towards victims and the perceived expectations of friends, parents and teachers. *School Psychology International*, 26: 147-161.
- Smith, M.Z. (2005). Parental Influences on the Physical Activity Behavior of Children of Various Ethnic Backgrounds. *Research Quarterly for Exercise and Sport*, 76 (1).
- Thompson, A.M., Rehman, L.A. og Humbert, M.L. (2005). Factors influencing the physically active leisure of children and youth: A qualitative study. *Leisure Sciences*, 27: 421-438.
- Trausti Þorsteinsson (2004). *Líðan nemenda í grunnskólum á Akureyri*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- van Wel, F., Linssen, H. og Abma, R. (2000). The parental bond and the well-being of adolescents and young adults. *Journal of Youth and Adolescence*, 29: 307-318.
- Willinger, U., Diendorfer-Radner, G., Willnauer, R., Jörgl, G., og Hager, V. (2005). Parenting Stress and Parental Bonding. *Behavioral Medicine*, 31 (2): 63-70.